

4. Frumvarp

til laga um iðnaðarnám.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglu-
reglustjóri rita á samninginn vottorð sitt, um að hann sje samkvæmur fyrir-
mælum laga þessara. Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðu-
blöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Í kaupstöðum mega ekki aðrir taka nemendur til iðnkenslu en meist-
arar í þeirri iðn, og utan kaupstaða þeir iðnaðarmenn einir, sem hafa iðnbrjef
eða rjett til þess að fá það.

Þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning i verulegum atriðum að
ófyrirsynju, er óheimilt að taka iðnnema.

3. gr.

Í samningnum skal tekið fram hve langur kenslutíminu skal vera.
Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveði kenslutímabilið i hverri
iðn fyrir sig að fengnum tillögum hlutaðeigandi meistarafjelags og sveinafjelags,
ef slik fjelög eru til i landinu.

Nú eru þessi fjelög ekki til og skal þá stjórn Iðnaðarmannafjelags

Reykjavíkur kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri húa geta sent tillögur sínar skriflega.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í námssamningnum hvort sá, sem annan tekur til kenslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað eða kaup, meðan á námstímanum stendur, svo og hvernig kaupgreiðsla skuli fara fram, sje hún ákveðin.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kenslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða. Að þeim tíma liðnum hafa bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, rjett til að heimta að samningnum sje slitíð, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Þegar svo er, á hvórugur heimtingu á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nú tekur maður iðnnema sem áður hefir stundað nám í sömu iðn hjá öðrum, en orðið að slita námssamningi, án þess að hann hafi átt sök á, og skal þá sá timi, er hann var við nám hjá hinum fyrri, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

7. gr.

Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmensku og hlýðni við öll þau verk, er snerta iðn þá, sem hann er að nema. Hann skal fylgja lærimeistarannum að vinnu hans eftir því, sem vinnukraftar hans og kunnátta leyfa.

8. gr.

Vinnutími iðnnema má ekki fara fram úr 60 stundum á viku þar með taldar 6 kenslustundir í teikningu eða bóklegum greinum.

Frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni má ekki fá iðnnemum, sem ekki hafa verið full tvö ár við nám, neina aðra vinnu en kenslustundir.

Eigi má taka nemanda til náms, sem er yngri en 15 ára.

9. gr.

Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki fá nemendum neina vinnu.

Tiltekið skal í námssamningi hvernig sumarleyfi skuli vera háttað.

10. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn eða sem skaðleg er fyrir heilsu hans. Hann skal vaka yfir siðferði hans og hegðun. Hann skal kenna honum iðnina svo vel sem unt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel,

að hann geti talist fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnskóla, sje slikur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kenslu í öllum þeim greinum, sem iðninni eru nauðsynlegar. Allan kostnað af slikri kenslu skal lærimeistari greiða.

Geti lærimeistari ekki uppfyllt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

11. gr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri iðn sína svo fljótt sem unt er.

Þegar kenslutíminn er á enda skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmið, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni að hann sje fullnuma í iðn sinni. Ef lærisveini hefir verið kend iðnteikning í iðnskóla, skal nemandi fyrst gera teikning að prófsmiðinni.

Prófdómendurnir ákveða í samráði við lærimeistara, hver prófsmiðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda og getur nemandi þá ekki fengið að leysa af hendi prófsmiði. Sá sem fellur á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyrir en að 3 mánuðum liðnum. Standist nemandi prófið, á hann heimtingu á prófskirtuini er sje undirskrifað af lærimeistara hans og prófdómendum, og heitir það prófskirtuini sveinsbrjef.

Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hefir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna, á nemandi kröfu til skaðabóta, sem fari eftir álitu gerðardóms.

Þeir samiðnaðarmenn skulu vera prófdómendur, tilnefndir af lögreglustjóra á þeim stað er prófið er tekið. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur ráðherra í reglugerð.

12. gr.

Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart nemanda fer eftir ákvæðum fátækralaga.

13. gr.

Nú hefir nemandi að ástæðulausu yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aftur til lærimeistarans, ef hann beiðist þess af lögreglustjóra áður en 2 vikur eru liðnar. Vilji nemandinn, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, höfða mál til þess að fá samningnum slitið eða leggja það í gerð, skal það gert innan sömu 2 vikna. Sje mál höfðað eða í gerð lagt áður en frestur þessi er liðinn, má lögreglustjóri ekki flytja nemanda aftur til meistarans fyrir en dómur er fallinn eða úrskurður feldur af gerðardómi, enda hafi úrslitin verið meistarans í vil.

14. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er lærimeistari deyr;
2. Þá er nemandi hefir hlaupið brott frá náminu og lærimeistari hefir ekki

gert þær ráðstafanir til þess að fá hann aftur til námsins, sem tiltekna eru eru í 13. gr., innan þess tíma, sem þar er ákveðinn.

15. gr.

Lærimeistari getur slitið námssamningnum:

1. Fyrir sjúkleika sakir nemanda samkvæmt því, er segir í fátækralögum.
2. Ef nemandi gerir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, sem á honum hvila samkvæmt námssamningnum.
3. Ef nemandi er dæmdur sekur um brot, sem er svivirðilegt að almenningsáliti.

16. gr.

Nemandi, foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd getur slitið námssamningnum:

1. Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða gerir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum, sem á honum hvila samkvæmt námssamningnum.
2. Ef lærimeistari skiftir um bústað eða vinnustað, þannig, að breytingin hefir það í för með sjer, að nemandi þarf að fara óhæfilega langan veg til vinnu sinnar.
3. Ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sje í iðninni.
4. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið og hann þá var hæfur til, eða ef það að álitni læknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina.
5. Ef námsstúlka giftist.

17. gr.

Nú hættir lærimeistari að reka iðn sína, sökum þess, að hann verður gjaldproti eða annara orsaka vegna, eða hann er með dómi sekur orðinn um afbrot, sem svivirðilegt er að almennings álitni, og getur nemandi þá krafist skaðabóta, er fari eftir álitni gerðardóms.

18. gr.

Auk þess er segir í 15.—17. gr. er báðum aðiljum heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sjer saman um það.

19. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

20. gr.

Nú verður ágreiningur milli nemanda og lærimeistara um þau atriði er um ræðir í 11. gr., 15. gr. 2. lið, 16. gr. 1., 2. og 4. lið, og 17. gr. laga þessara og skulu þau mál koma í gerð nema málsaðiljar komi sjer saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi þar sem ágrein-

ingurinn ris og er hann oddviti og 2 menn aðrir og tilnefna málsaðiljar sinn hvor.

Nú vill einhver beiðast gerðar og skal hann þá snúa sjer til oddvita og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðilja til að sækja þann fund, ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðiljar eru algerlega bundnir við þann úrskurð.

Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftast en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert sinn, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður.

Nú sækir annarhvor gerðarmanna ekki fund og hefir ekki tjáð lögleg forföll og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón beið, skaðabætur.

21. gr.

Lærimeistari sem brýtur gegn reglunum í 1., 2., 8.–10. og 19. gr. skal sæta sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Nú brýtur nemandi verulega gegn skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt 7. gr., eða hverfur ástæðulaust frá náminu, og skal hann þá, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður, greiða lærimeistara skaðabætur samkvæmt úrskurði gerðardóms.

22. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðunum í 1., 2. og 19. gr. eru almenn lög-reglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalög-reglumál.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

24. gr.

Lög þessi ná að eins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlast gildi.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir þetta þing verður lagt frv. til laga um iðnað og iðju. Það frv. gerir nokkrar breytingar á reglum þeim um iðnað, sem hingað til hefir verið fylgt, t. d. um það hverjum sje heimilt að taka iðnnema. Þessar breytingar valda því, að nauðsynlegt er að taka jafnframt til endurskoðunar lög nr. 15,

16. sept. 1893, um iðnaðarnám, enda eru þau að ýmsu leyti úrelt orðin, sem ekki er undarlegt, þar sem þau hafa nú staðið í 33 ár og stórfeldar breytingar hafa orðið á þeim tíma, sjerstaklega vegna vaxtar bæjanna, sem veldur því meðal annars, að iðnaðarmannastjettin sker sig miklu meir úr en áður og greinir hennar miklu fleiri en áður.

Frv. þetta er að miklu leyti sniðið eftir áðurnefndum lögum frá 1893, en um hinar einstöku gr. frv. þykir hlýða að taka þetta fram.

Um 1. gr.

Þessi gr. er áþekk 1. gr. laganna frá 1893, en þó er ekki ætlast til, að þessi lög nái til verslunarmanna, því að um námsskeið þeirra gilda lög nr. 45, 30. júlí 1909. Ekki er heldur ætlast til, að lögin nái til annara en iðnaðarmanna og 18 ára aldurstakmarkið er felt burtu, enda á það ekki lengur við.

Um 2. gr.

Þessi gr. er breytt þannig frá lögunum 1893, að hún verður í samræmi við ákvæði frv. um iðju og iðnað, sbr. inngangsorðin að aths. þessum.

Um 3. gr.

Þessi grein er talsvert aukin og gengið út frá, að reglum þeim, sem gr. ræðir um verði hagað þannig, að ákveðinn verði lágmarks- og hámarks-námstími, til þess að hæfileikar og dugnaður nemenda geti notið sín.

Um 4. gr.

Er svo að segja samhljóða 4. gr. laganna frá 1893.

Um 5. gr.

Er að mestu samhljóða 5. gr. sömu laga sbr. 16. gr. laga nr. 60, 14. nóv. 1917 i. f., nema niðurlagsorðin feld burtu, enda gætu þau gert ákvæði gr. þýðingarlaus.

Um 6. gr.

Þessi gr. er ný, en virðist sjálfsgöð.

Um 7. gr.

Hún svarar til 6. gr. laganna frá 1893 en er breytt lítið eitt í þá átt að takmarka skyldur nemenda.

Um 8. gr.

Svarar til 7. gr. sömu laga, en nokkrar breytingar gerðar í hag nemendum og til þess að tryggja, að þeir fái tíma til náms í teikningu og bóklegum greinum.

Um 9. gr.

Er svipuð 8. gr. sömu laga, en þær breytingar, sem eru gerðar eru nemendum í hag.

Um 10. gr.

Þessi gr. er sniðin eftir 9. gr. sömu laga þó að breytingar sjeu talsverðar. Má sjerstaklega benda á, að kensluskyldan og kostnaður af henni er undantekningarlaust lögð á lærimeistara. Auk þess eru feld burtu ákvæðin um húsaga yfir nemendum og upphaf gr., með því að hvorugt virðist eiga lengur við.

Um 11. gr.

Um hana visast til 10. gr. laganna nr. 15/1893 en greinin er hjer gerð nokkru fyllri, sjerstaklega að því leyti, að próf er heimtað i teikningu, ef nemandi hefir lært þá fræðigreiu i iðnskóla.

Um 12. gr.

I stað ákvæðanna i 11. gr. oftnefndra laga, er að eins tekin upp tilvísun til fátækralaganna um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart nemanda, enda eru þessar gr. laganna nr. 15/1893 feldar úr gildi með fátækralögum nr. 44/1905 og ákvæði þeirra laga hjer að lútandi aftur tekin upp i frv. það til fátækralaga, sem nú liggur fyrir þinginu.

Um 13. gr.

Svarar til 13. gr. laganna frá 1893 og er engin eiginleg efnisbreyting gerð, gr. aðeins gerð nokkru fyllri.

Um 14. gr.

Svarar til 14. gr. sömu laga, en 2. og 3. liður hennar feldur burt, þar sem ákvæði þeirra felast i skilyrði fyrir að vera meistari eftir frv. um iðnað og iðju, en meistarar einir mega hafa nemendur.

Um 15. gr.

Að innihaldi alveg eins og 15. gr. laganna 1893.

Um 16. gr.

Svarar til 16. gr. laganna frá 1893, en síðasta riftingarástæða þeirrar gr. er feld burtu.

Um 17. gr.

Þessi gr. er ný og virðist sjálfsögð rjettarbót fyrir nemendur.

Um 18. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 19. gr.

Samhljóða 12. gr. laganna frá 1893.

Um 20. gr.

Svarar til 18. gr. sömu laga og að eins litilfjórlegar efnisbreytingar og orðabreytingar gerðar.

Um 21. gr.

Svarar til 19. gr. sömu laga og þær einar efnisbreytingar á gerðar, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 22.—25. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.